



# Ársskýrsla

## starfsárið 2019-2020



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
1. Aðalfundur Leiknar 2019 .....	3
2. Helstu verkefni stjórnar .....	5
2.1 Innra starf Leiknar .....	5
2.2 Þýðing á „Manifesto“ .....	6
2.3 Fræðsluerindi og YouTube rás .....	6
2.4 Heimasíða og Facebook síða .....	9
2.5 Erasmus+ námsferðir Leiknar .....	9
3. Samstarf innanlands .....	10
3.1 Samstarf við Kvasi .....	10
3.2.1 Vorráðstefna Kvasis, Leiknar, NVL og FA .....	10
3.2 Menningarnæmi- og færni .....	11
3.3 Þingsályktunartillaga – menntastefna 2030 .....	11
3.4 Þingsályktunartillaga - framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda .....	12
3.4 Samráðshópar vegna Covid 19 .....	13
3.5 Samstarf við EPALE og Rannís .....	13
4. Alþjóðlegt samstarf .....	14
4.1 Ársfundur og ráðstefna EAEA í júní 2019 .....	14
4.2 Norrænir fundir 2019 .....	15
4.3 Ársfundur EAEA 2020 .....	15
5. Þróunarverkefni .....	16
5.1. VSKA .....	16

## Inngangur

Leikn eru regnhlífasamtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi með 19 aðildarfélögum. Leikn er upplýsinga- og samstarfsvettvangur fullorðinsfræðslu og tilgangurinn er að gæta breiðra hagsmuna fullorðinsfræðsluaðila. Starfsemi og virkni samtakanna er unnin í sjálfböðavinnu af stjórnarmeðlimum sem allir starfa innan fullorðinsfræðslunnar. Fullorðinsfræðsla er í almannabágu og getur breytt lífi fólks og samfélögum til hins betra. Við teljum að símenntun sé almannaheill sem eigi að vera réttur fólks til aukinna lífsgæða og þroska. Markmið Leiknar er að halda áfram að vinna að uppbyggingu framsækinnar fullorðinsfræðslu á Íslandi.

Hér gefur að líta árskýrslu Leiknar fyrir starfsárið 2019 til 2020 og greint er frá helstu störfum og verkefnum stjórnar. Fundargerðir stjórnar má finna á heimasíðu Leiknar [www.leikn.is](http://www.leikn.is)

## 1. Aðalfundur Leiknar 2019

Aðalfundur Leiknar samtaka fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi, fyrir starfsárið 2018-2019 var haldinn í húsnæði Framvegis í Reykjavík, fimmtudaginn 9. maí kl. 13. Að þessu sinni var fundurinn ekki haldinn í samfloti við vorfund Kvasis eins og oftast áður, en Kvasir hélt sinn fund á Húsavík.

Á dagskrá fyrir aðalfund var erindi sem Björg Árnadóttir flutti og fjallaði um af þátttöku hennar í verkefnum á sviði menntaáætlana Evrópusambandsins.

Þetta var 15. aðalfundurinn frá upphafi. Mættir voru aðilar frá 7 af 19 stofnfélögum en alls 8 þátttakendur. Guðrún Vala Elísdóttir formaður Leiknar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Formaður tilnefndi Helgu Gísladóttur sem fundarstjóra og Helga Þ. Svavarsson sem ritara og var hvorutveggja samþykkt. Að þessu loknu hófst dagskrá aðalfundar.

Formaður kynnti skýrslu stjórnar og gerði grein fyrir helstu verkefnum og starfsemi samtakanna á liðnu starfsári. Í máli formanns kom fram sú ósk að endurnýja samstarf Leiknar við Kvasi þannig að halda megi aðalfund Leiknar með vorfundi Kvasis. Guðrún Lárusdóttir, gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins og bar saman áætlun og lokauppgjör. Tekjur Leiknar á árinu 2018 voru kr. 959.012 (áætlun kr. 965.000) og gjöld kr. 952.329 (áætlun kr. 1.250.000). Rekstrarafgangur var 895 en áætlun gerði ráð fyrir tapi upp á 219.000 kr. Eignir í árslok voru kr. 1.163.652. Engar athugasemdir voru gerðar um skýrslu stjórnar og reikninga, og hvort tveggja samþykkt einróma. Gjaldkeri fór yfir fjárhagsáætlun Leiknar fyrir næsta starfsár og gert var ráð fyrir rekstrartapi upp á 17.000, en ennfremur kom fram í máli gjaldkera að á árinu 2019 fái Leikn Erasmus styrk til námsferða og því megi gera ráð fyrir breytingum. Tillaga kom fram að hækka árgjaldið upp í 60.000 og var hún samþykkt einróma.

Guðrún Vala Elísdóttir frá Símenntunarmiðstöð Vesturlands gaf áfram kost á sér til formanns. Var hún samþykkt sem formaður með lófataki. Nýir fulltrúar í stjórn voru kosnir Eyjólfur Sturlaugsson, Fræðsluneti Suðurlands, Guðfinna Harðardóttir, Starfsmennt og til vara Sólrún Bergþórsdóttir í Visku. Úr stjórn gengu Anna Kristín Gunnarsdóttir Mími, Guðrún Lárusdóttir LBHÍ og varamaður Ólafur Ástgeirsson Iðunni. Valgeir Magnússon og Eyjólfur Sturlaugsson skoðunarmenn reikninga gáfu ekki kost á sér áfram og nýir skoðunarmenn reikninga voru kosnir Ólafur Ástgeirsson og Guðrún Lárusdóttir. Þakkir voru færðar fráfarandi stjórnar- og skoðunarmönnum, og formaður þakkaði Guðrúnu Lárusdóttur gjaldkera og stjórnarmanni Leiknar til margra ára, fyrir vel unnin störf í þágu samtakanna og færði henni blómvönd.

Undir liðnum önnur mál var rætt hvort tilefni væri til þess að rýmka skilyrði fyrir aðgöngu að samtökunum. Skorað var á nýja stjórn að taka efnið til umræðu. Rætt var um samstarf við Kvasi og kom fram eindræg ósk um að efla samstarfið.

**Stjórn Leiknar var þannig skipuð starfsárið 2019-2020:**



**Guðrún Vala Elísdóttir, formaður**  
(Símenntunarmiðstöð Vesturlands)  
vala@simenntun.is



**Helgi Þorbjörn Svavarsson,**  
gjaldkeri (Símey) helgis@simey.is



**Guðfinna Harðardóttir, ritari**  
(Starfsmennt) gudfinna@smennt.is



**Eyjólfur Sturlaugsson,**  
varaformaður (Fræðslunet Suðurlands)  
eyjolfur@fraedslunet.is



**Ingibjörg Kristinsdóttir,**  
meðstjórnandi (Framvegis) ingibjorg@framvegis.is



**Helga Gísladóttir, varamaður**  
(Fjölmennt) helga@fjolmennt.is



**Sólrun Bergþórsdóttir, varamaður (Viska)**  
solrun@viskave.is



Stjórn hélt sex stjórnarfundum á starfsárinu, sem allir voru haldnir í Reykjavík eða í gegnum Teams fundarherbergi. Tölvupóstur á milli stjórnarfulltrúa eru ígildi stjórnarfunda samkvæmt fyrri stjórnarsamþykktum. Stjórn hélt enn fremur í þá ákvörðun að boða varamenn á alla stjórnarfundum og að þeir tækju fullan þátt í starfinu. Boðað var til stjórnarfunda með góðum fyrirvara og fyrirfram gefinni dagskrá. Leikn greiðir ferðakostnað stjórnarmanna sem koma á fundum utan að landi, en jafnframt er reynt að nýta fjarfundum eins og kostur er. Fundargerðir stjórnar eru birtar á heimasíðu Leiknar þegar að þær hafa verið samþykktar af stjórnarmönnum. Á vefsíðu Leiknar má einnig finna önnur gögn, skýrslur og vefslóðir sem tengjast starfsemi.

## 2. Helstu verkefni stjórnar

Eftirfarandi eru helstu viðfangsefni og viðburðir í starfi Leiknar á starfsárinu 2019-2020.

### 2.1 Innra starf Leiknar

Stjórn Leiknar fundaði um ýmis málefni á árinu sem tengjast störfum Leiknar, verkaskiptingu, skipulagi og starfsáætlun. Fyrsti stjórnarfundurinn var haldinn í september í húsnæði Fjölmennar í Reykjavík. Á þeim fundi skipti stjórn með sér verkum, og skipulagði starfið framundan. Ákveðið var að halda að minnsta kosti fjóra stjórnarfundum á starfsárinu eins og hefð er fyrriog þeir haldnir í Reykjavík eða í fjarfundum eftir atvikum. Jafnframt var ákveðið að senda í það minnsta út tvö veffréttabréf á starfsárinu, en sent var út þegar erindi var sett á YouTube og það auglýst. Í desember var sent út ítarlegt veffréttabréf þar sem stiklað var á stóru um hvað væri á döfinni. Hefðbundin mál á dagskrá voru eins og áður hugmyndir um fjarfræðsluerindi, umræða um samþykktir Leiknar, framhaldsfræðslulögin, heimasíða, samstarfs og þróunarverkefni, erlent samstarf auk ýmissa annarra erinda. Leikn eru áhuga- og leikmannasamtök, upplýsinga- og samstarfsvettvangur og tilgangurinn er að gæta breiðra hagsmuna aðila í fullorðinsfræðslu. Allir stjórnarmeðlimir vinna sjálfboðastarf í þágu samtakanna samhliða eigin störfum. Leikn á í margvíslegu samstarfi við fræðsluaðila, stjórnvöld og stofnanir á sviði menntunar. Enn fremur er Leikn í samstarfi við önnur skyld félög og stofnanir sem styðja við framkvæmd fullorðinsfræðslu. Samtökin eru ekki í formlegu sambandi við stjórnkerfið s.s. mennta- og menningarmálaráðuneyti en fylgjast með þegar kemur að álitgerðum og sameiginlegum hagsmunum fullorðinsfræðsluaðila. Leikn vill skerpa á þeim áherslum sem sameina fullorðinsfræðsluaðila svo þeir sjái sér hag í upplýsinga- og samstarfsvettvangi eins og Leikn er. Stjórn hefur unnið að því að gera félagið sýnilegra út á við, m.a. með virkri Facebook síðu. Áhersla hefur

jafnframt verið lögð á að ná til almennra félagsmanna með veffréttabréfum og fjarfræðsluerindum. Alls eru 170 einstaklingar skráðir á póstlista Leiknar.

## 2.2 Þýðing á „Manifesto“

Stjórn Leiknar tók þá metnaðarfullu ákvörðun um að láta þýða á íslensku „Manifesto“ sem er stefnuyfirlýsing um nám fullorðinna á 21. öldinni. Þessi stefnuyfirlýsing er samin og gefin út af EAEA (European Association for the Education of Adults) og er að finna á heimasíðu samtakanna á nokkrum



tungumálum. Hún var endurskoðuð á síðasta ári og hefur verið þýdd á mörg tungumál aðildarféлага EAEA. Með stefnuyfirlýsingunni leggja samtökin til að áhersla verði lögð eflingu fullorðinsfræðslu sem sé lykillinn að því að takast á við nokkrar helstu áskoranir í Evrópu. Að mati EAEA þarf að efla fræðslu og nám fullorðinna, en þessi stefnuyfirlýsing varpar ljósi á það, í stórum dráttum, hvernig fullorðinsfræðsla leggur sitt af mörkum til jákvæðrar þróunar í Evrópu. Nám fullorðinna þarf að verða hluti af heildarstefnu í menntamálum, ævimenntunar og á milli allra atvinnugreina og


tegundar náms, hvort sem er formlegt nám, óformlegt eða formlaust. EAEA leggur áherslu á jákvæð áhrif og ávinning fullorðinsfræðslu. Íslenska útgáfan af Manifesto verður aðgengileg á heimasíðu Leiknar og á heimasíðu EAEA: [www.eaea.org](http://www.eaea.org)

## 2.3 Fræðsluerindi og YouTube rás

Leikn skipulagði eins og áður nokkur fjarfræðsluerindi en markmiðið með þeim er að ná til þeirra sem vinna að fullorðinsfræðslu með stuttum innsögum um það sem efst er á baugi hverju sinni. Í gegnum tíðina hafa stjórnarmenn skipt með sér verkum í að finna hugmyndir að fyrirlestrum, en jafnframt eru dæmi um að aðilar hafa óskað eftir því að fá að koma erindum að. Á þessu starfsári urðu erindin færri en venjulega, en fjögur hafa verið send út. Ráðist var í að stofna YouTube rás fyrir Leikn <https://www.youtube.com/channel/UCTH9bOnklchMmblrfXPYJWg> til þess að halda utan um erindin, en þau hafa hingað til verið tekin upp og flutt í gegnum Adobe Connect hugbúnað Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Eldri upptökur er að finna á heimasíðu Leiknar og Facebook síðu. Sú áherslubreyting var gerð að nú eru erindin ekki lengur send út í „beinni“ heldur sett á YouTube rásina og auglýst á Facebook eða með veffréttabréfi um leið og þau eru komin þar inn.

Erindin voru haldin með svipuðu sniði og áður en hvert erindi er ekki lengra en u.þ.b. 20 mínútur. Þegar erindi eru ekki send út í beinni útsendingu er gallinn sá að ekki er hægt að spyrja fyrirlesara eða hefja umræður sem vissulega væri ákjósanlegt. Á YouTube sést hversu margir hafa horft á erindi en ekki hvenær. Leikn vinnur að því að setja þar inn eldri fjarfræðsluerindi þannig að þau verði öll aðgengileg á einum stað. Enn vantar fleiri áskrifendur og skorar stjórn Leiknar á aðildarfélaga að skrá sig á Youtube rás Leiknar.

### Fjarfræðsluerindin á YouTube:



**Þriðjudagur 8. október 2019:** Margrét Sverrisdóttir verkefnisstjóri fullorðinsfræðslu hjá Rannís og EPALÉ, kynnti ráðstefnu sem haldin var föstudaginn 11. október og bar yfirskriftina “Jöfn tækifæri í Erasmus+”. Ennfremur sagði hún frá evrópsku starfsmenntavíkunni á Íslandi, en málstofa var haldin um starfsmenntun mánudaginn 14. október. Á málstofunni var fjallað um ýmislegt tengt starfsmenntun og kynntur nýr vefur um iðn og verkgreinar [www.namogstorf.is](http://www.namogstorf.is). Hér má sjá og hlusta á erindið: <https://www.youtube.com/watch?v=DysBQOPpEfg>

**Þriðjudagur 12. nóvember 2019:** Björg Árnadóttir rithöfundur og ritlistarkennari flutti erindi af svipuðum toga og hún hélt á aðalfundinum. Hún sagði frá reynslu sinni af þátttöku í verkefnum á sviði menntaáætlana Evrópusambandsins, en hún hefur í tíu ár samfleytt tekið þátt í slíkum verkefnum. Björg sagði frá því hverju vinnan hefur skilað henni og öðrum þátttakendum, frá tengslunum sem myndast og vináttunni sem skapast, frá fræðandi ferðalögum sem opna dyr að samfélögum sem venjulegir ferðalangar fá sjaldan að kynnast og frá þeirri nýsköpun þekkingar sem verður til þegar ólíkar þjóðir leggja sitt af mörkum.

Fyrirlestur Bjargar má nálgast hér: [https://www.youtube.com/watch?v=cGt7P4R\\_PFU&t=601s](https://www.youtube.com/watch?v=cGt7P4R_PFU&t=601s)



**Priðjudagur 18. desember 2019:** Helga Gísladóttir forstöðumaður Fjölmenntar flutti erindi sem fjallaði um nám fyrir fullorðna fatlaða og um starfsemi stofnunarinnar. Fjölmennt er símenntunar- og þekkingarmiðstöð sem skipuleggur nám fyrir fólk með þroskahömlun, fólk á einhverfurófi og fólk með geðfötlun, frá 20 ára aldri. Starfsemi Fjölmenntar skiptist í tvær deildir, símenntunardeild og ráðgjafardeild. Símenntunardeildin sér um námskeiðahald. Þar eru námskeiðin tvískipt, annars vegar námskeið fyrir fólk með þroskahömlun og fólk á einhverfurófi og hins vegar námskeið fyrir fólk með geðfötlun. Fjölmennt starfar á landsvísu og gerir samninga við allar símenntunarsstöðvar á landsbyggðinni um námskeiðahald fyrir markhóp Fjölmenntar á viðkomandi svæði. Ráðgjafardeild Fjölmenntar býður uppá ráðgjöf til einstaklinga, aðstandenda og fræðslustofnana varðandi nám fyrir fatlað fólk. Fyrirlestur Helgu má nálgast hér: <https://www.youtube.com/watch?v=BmYEprMw4Fo>

**Priðjudagurinn 2. júní 2020:** Vegna Covid 19 og annarra erfiðleika með að nálgast efni hefur einungis eitt erindi frá áramótum verið sett inn á YouTube. Fyrirlesturinn heitir Raunfærnimat og kynning á Keili og Háskólabrú og er tilgangur fyrirlestursins að segja frá raunfærnimatsverkefni sem unnið var í samstarfi Starfsmenntar og Keilis, þar sem metnir voru áfangar á móti kröfum Háskólabrúar Keilis. Í myndbandinu er fjallað um verkefnið, en auk þess er rætt um um stofnun og starfsemi Keilis og sérstök kynning á Háskólabrúnni. Fyrirlesturinn er fluttur af Skúla Frey Brynjólfssyni, náms- og starfsráðgjafa í Keili og er unninn í samvinnu við Sólborgu Öldu Pétursdóttur náms- og starfsráðgjafa hjá Starfsmennt. Skúli er menntaður grunnskólakennari og lærði náms- og starfsráðgjöf hjá VIA University College í Árósum. Hann hefur starfað hjá Keili frá árinu 2012.

Fyrirlesturinn má nálgast hér: <https://www.youtube.com/watch?v=wTyCXOk35Y>

Leikn hefur óskað eftir erindi um kynningu á niðurstöðum rannsóknar á íslenskukennslu innflytjenda sem gerð var af Háskólanum á Akureyri. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til talsverðrar óánægju þátttakenda á íslenskunámskeiðum sem er ekki í samræmi við kennslumat fræðslumiðstöðva. Því miður hefur ekki tekist að fá erindi um efnið til að setja á YouTube rás Leiknar en hér má lesa skýrslu rannsóknarinnar: <https://www.unak.is/static/files/Frettir/2019/mai/islenskukennsla-innflytjenda.pdf>

Ánægja hefur almennt verið með veferindin og vill stjórn Leiknar þakka þeim sem hafa haldið erindi og þar með stuðlað að aukinni fræðslu um áhugaverð málefni sem tengjast fullorðinsfræðslu. Aðildarfélagar Leiknar eru hvattir til þess að koma ábendingum og tillögum um fróðlegt efni til

stjórnar. Enn fremur væri áhugavert ef aðildarfélagar gerðu kynningu um sína stofnun, starfsemi og þjónustu sem hægt væri að setja á YouTube rás Leiknar.

## 2.4 Heimasíða og Facebook síða

Heimasíða Leiknar [www.leikn.is](http://www.leikn.is) er hýst af Netvöktun ehf. og þar er efni Leiknar vistað s.s.

fundargerðir og önnur gögn. Stjórn hefur leitast við að vera vakandi yfir því að setja inn efni á heimasíðuna en mikilvægt er að heimasíða sé virk. Stjórn hefur rætt um hvort tæknilega væri hægt að láta fréttir frá öllum aðildarfélögum birtast á Leiknarsíðunni og eins hvort hægt væri því að tengja saman FB og fréttasíðu vefsíðunnar og er það í athugun. Stjórn vill hvetja aðildarfélaga til þess að koma á framfæri efni eða ábendingum um efni sem þeir telja að þar eigi heima. Nauðsynlegt er að fara reglulega yfir efni síðunnar og gera breytingar og lagfæringar eftir þörfum. Leikn hefur netföngin [leikn@leikn.is](mailto:leikn@leikn.is) og [formadur@leikn.is](mailto:formadur@leikn.is) og má senda ábendingar og erindi til félagsins þangað.

Facebook síða Leiknar <https://www.facebook.com/Fullordnir/> var stofnuð á síðasta starfsári og hafa stjórnarmenn aðgang til þess að setja inn efni. Alls hafa 180 manns líkað við síðuna og er það fjölgun um 55 frá fyrra ári eða 44%. Guðrún Lárusdóttir fyrrverandi stjórnarmaður Leiknar hefur verið mjög virk í að setja þar inn efni og einnig núverandi formaður. Facebook hefur að miklu leyti tekið við af vefréttabréfum en þar sem ekki allir eru á Facebook ákvað stjórn að halda áfram að senda a.m.k. tvö fréttabréf yfir veturinn. Á Facebook síðunni eru m.a. alls konar upplýsingar um Evrópuverkefni, ráðstefnur, námskeið, fyrirlestra, erindi og fræðslu og allt sem snertir fullorðinsfræðslu hérlendis sem erlendis. Stjórn er sammála um að halda síðunni lifandi með því að bjóða allt efni velkomið sem tengist fullorðinsfræðslu með einum eða öðrum hætti. Aðildarfélagar eru hvattir til þess að koma á framfæri efni sem þeir telja að eigi erindi inn á Facebook síðu Leiknar.



## 2.5 Erasmus+ námsferðir Leiknar

Árið 2019 fékk Leikn styrk hjá Erasmus+ fyrir verkefninu „Námsferðir Leiknar“<sup>1</sup>. Styrkurinn fellur undir liðinn „Nám og þjálfun“ en þeir styrkir eru ætlaðir til að fjármagna námsferðir og heimsóknir erlendis.

<sup>1</sup> Ítarlega er sagt frá markmiðum verkefnisins í ársskýrslu Leiknar 2018-2019

Sótt var um styrk fyrir stjórn Leiknar til að fara erlendis og kynna sér starfsemi sambærilegra samtaka. Búið var að skipuleggja ferð til Kaupmannahafnar í lok mars. Þar var ætlunin að heimsækja Nordic



Erasmus+

Bildung (grasrótarsamtök í fullorðinsfræðslu), Væksthus for ledelse (samstarfsverkefni opinberra aðila til að stuðla að bættri forystu hjá sveitarfélögum og svæðisstjórnnum), Dansk Folkeoplysnings Samråd (systursamtök Leiknar) og eina af miðstöðum VUC í Kaupmannahöfn.

Ekkert varð af ferðinni vegna Covid19 og er ráðgert að fara haustið 2020. Styrkur fékkst fyrir allt að 12 manns og gefst því fleirum kostur á að fara og kynna sér starfsemi erlendis og verður það auglýst nánar síðar.

### 3. Samstarf innanlands

Leikn berast gjarnan erindi um samstarf í ýmsum málum sem styðja við framkvæmd fullorðinsfræðslu. Dæmi eru þátttaka í málstofum, samráðshópum, óskir um umsagnir á þingsályktunartillögum o.fl.

#### 3.1 Samstarf við Kvasi

Leikn hefur frá upphafi verið í góðu samstarfi við Kvasi sem eru samtök 10 fræðslu- og símenntunarmiðstöðva sem allar eiga jafnframt aðild að Leikn. Vilji er til þess að efla það samstarf áfram enda sameiginlegir hagsmunir beggja að svo sé.

##### 3.2.1 Vorráðstefna Kvasis, Leiknar, NVL og FA

Á haustþingi Kvasis var ákveðið að ráðast í að halda ráðstefnu að vori 2020 í tilefni þess að samtökin eru tvítug á árinu. Leitað var til Leiknar um samstarf og var Guðrún Vala formaður skipuð í undirbúningsnefnd af Leiknar hálfu. Mynduð var samstarfsnefnd sem sá um að undirbúa þingið og hóf hún störf í desember. Fljótlega var ákveðið að ráðast í metnaðarfulla ráðstefnu með mikilli breidd í efnisvali. Um miðjan mars var dagskrá ráðstefnunnar tilbúin, búið að velja fundarstað og fátt annað eftir en að auglýsa viðburðinn. Vegna Covid 19 og samkomubanns varð ljóst að ekki yrði af ráðstefnunni og var henni frestað til haustsins. Hér gefur að líta dagskrá ráðstefnunnar eins og hún átti að vera þann 13. maí 2020 í húsnæði Menntavísindasviðs í Stakkahlíð. Einnig voru Epale og Advania tilbúin að leggjast á árar með hópnum.

08.15 Skráning og kaffi

08.45 Setning ráðstefnustjóra: Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir

09.00 Ávarp menntamálaráðherra: Lilja Alfreðsdóttir

09.20 Grunnleikni í stafrænni hæfni NVL: Halla eða Gígja

09.45 Ráðgjöf/raunfærnimat, norrænt verkefni: Anna Karlsdóttir

10.10 Kaffiveitingar

- 10.30 Akademían Hróbjartur Árnason; sköpun og nám
- 10.55 Sýn fyrirtækis/leikmanns/starfsmenntasj.: G.Run, stuðningsfulltr., Kristín Njálisdóttir
- 11.15 Sköpun eða Framtíð: Hrund Gunnsteinsdóttir
- 12.00 Matur í Hámu Stakkahlíð
- 12.40 Málstofur Hluti A
- 13.30 Málstofur Hluti B
- 15.10 Samantekt ráðstefnustjóra og slit
- 15.30 Veitingar (Advania )

### 3.2 Menningarnæmi- og færni

Formaður Leiknar Guðrún Vala sat námskeið á síðasta ári sem Velferðarráðuneytið og Reykjavíkurborg hélt um menningarfærni (e. Intercultural competence). Í framhaldinu gaf hún kost á sér í undirbúningsnefnd vegna námskeiða sem fyrirhugað er að hanna fyrir starfsfólk ríkis og sveitarfélaga til þess að gera það hæfara í að vinna fólki með ólíkan menningarlegan bakgrunn og fjölbreyttar sjálfmyndir. Verkefninu var útvistað til Fjölmenningsseturs og stofnaður starfshópur í kjölfarið sem hefur tekið til starfa.

### 3.3 Þingsályktunartillaga – menntastefna 2030

Í ársbyrjun 2020 var lögð fram á Alþingi þingsályktunartillaga um menntastefnu til ársins 2030. Leikn sendi inn athugasemdir við tillöguna þann 21.febrúar 2020. Meðal þess sem gerðar voru athugasemdir við var að í fyrirbyggjandi drögum virtist megináhersla liggja á formlega skólakerfið neðan háskólastigs og lítið var fjallað um fullorðins- og framhaldsfræðslu. Þá voru gerðar athugasemdir við orðalag, notkun hugtaka og framsetningu í texta. Einnig benti Leikn á að umfjöllun um íslenska hæfnirammann vantaði alveg og að stúdentsprófið væri sett fram sem algilt inntökuskilyrði í háskóla. Athugasemdirnar í heild sinni má finna á heimasíðu samtakanna <http://leikn.is/skrar-og-skjol/ymsar-skrar/>.

### 3.4 Þingsályktunartillaga - framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda

Félags- og barnamálaráðherra fól innflytjendaráði að vinna drög að þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2020-2024 samkvæmt lögum um málefni innflytjenda nr. 116/2012. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laganna skal í tillögunni kveða á um verkefni sem hafa það að markmiði að stuðla að samfélagi þar sem allir einstaklingar geta verið virkir þátttakendur óháð þjóðerni og uppruna. Leitað var til aðila sem þekkja til stöðu innflytjenda og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum og hugmyndum fyrir 20. nóvember 2019, sem innflytjendaráð mun síðan vinna úr. Leikn varð við þessari beiðni og sendi inn ábendingar og hugmyndir um eina af fimm stöðum ályktunarinnar þ.e. menntun.

Þær ábendingar sem Leikn sendi frá sér voru:

- Til þarf að vera úrræði fyrir þá innflytjendur sem hættu í námi, til að taka upp þráðinn að nýju. Sérstaklega þarf að huga að landsbyggðinni.
- Námsefni til íslenskukennslu sé endurskoðað, stuðlað verði að fjölbreyttara efni þar sem áhersla sé lögð á valdeflandi orðaforða.
- Lögð verði áhersla á að málaflokkurinn fái meira fjármagn í réttu hlutfalli við fjölgun fólks af erlendum uppruna.
- Námskeið verði aðgengileg og kostnaði þátttakenda sé stillt í hóf.
- Sérstaklega verði hugað að íslenskuprófi fyrir íslenskan ríkisborgararétt, það uppfært og að innflytjendur hafi aðgengi að námskeiði sem undirbýr þá fyrir prófi. Fleiri æfingapróf verði aðgengileg, prófið verði í boði oft og á fleiri stöðum á landsbyggðinni og kostnaður sem fellur á próftakenda sé í lágmarki.
- Mennta sérstaklega kennara sem kenna íslensku sem annað mál, og gera þeirra starfsumhverfi öflugara.
- Mikilvægt er að þeir sem geta og vilja læra samfélagstúlkun komist í slíkt nám þó að þeir uppfylli ekki aðrar kröfur til háskólanáms.

Auk þess bætti Leikn við nýjum kafla (C.7.) „Fullorðinsfræðsla og náms- og starfsráðgjöf fyrir innflytjendur“. Markmiðið er að auðvelda fullorðnum innflytjendum aðgengi að náms- og starfsráðgjöf og endurmenntun. Hugmynd um framkvæmd er að stofnaður verði starfshópur til að móta tillögur um hvernig efla megi náms- og starfsráðgjöf og endurmenntun innflytjenda. Þar undir fellur upplýsingagjöf, raunfærnimat, mat á fyrra námi, valdefling og persónuleg ráðgjöf. Innflytjendur eigi kost á að fá túlkapjónustu ef þörf er á í ráðgjöf og í endurmenntun



### 3.4 Samráðshópar vegna Covid 19

Óskað var eftir því að Leikn tæki þátt í samráðshópi um skólahald vegna heimsfaraldurs kórónaveiru (COVID-19). Guðrún Vala var skipuð aðalmaður og Helgi Þorbjörn til vara. Hlutverk samráðshópsins var fjalla um skólahald á tímum Covid og var lögð áhersla á að hann vinni náið saman að því mikilvæga samfélagslega verkefni að halda uppi námi og kennslu við þær aðstæður og að samræma viðbrögð við samkomubanni. Alls vour haldnir 8 fundir á netinu með Teams. Sem dæmi um úrlausnarefni var fjarkennsla, próftaka, útskriftir o.fl. Í þessum hópi var megináhersla á formlega kerfið en lítið rætt um framhaldsfræðsluna og hefur hópurinn nú verið leystur frá störfum.

Í apríl 2020 fékk Leikn bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem óskað var eftir tveimur tilnefningum í samhæfingarhóp þar sem skoðuð er staða námsmanna og atvinnuleitenda, atvinnu- og menntaúrræði við þær breyttu aðstæður sem Covid-19 skapaði í íslensku samfélagi. Ingibjörg Kristinsdóttir náms- og starfsráðgjafi hjá Framvegis og stjórnarmeðlimur Leiknar og Hildur Elín Vignir framkvæmdastjóri Iðunnar buðu sig fram og sitja í hópnum sem aðal- og varamaður. Hópurinn er undir forystu Lilju D. Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra og Ásmundar Einars Daðasonar félags- og barnamálaráðherra og er Gylfi Arnbjörnsson verkefnastjóri hópsins. Hópnum er ætlað að samhæfa aðgerðir og upplýsingastreymi og koma með tillögur að hvernig æskilegast er að bregðast við alvarlegri stöðu vinnumarkaðarins með vinnumarkaðsaðgerðum og menntaúrræðum sem hvetja til virkni og hæfniuppbyggingar til framtíðar. Skipun hópsins gildir til loka árs 2020 og munu ákvaðarnir um framkvæmd tillagna hvað varðar menntun og námsframboð vera hjá mennta- og menningarmálaráðherra en ákvarðanir um félagsleg- og atvinnutengd málefni munu vera hjá félags- og barnamálaráðherra. Þátttakendur samhæfingarhópsins frá Leikn munu gera sitt besta til að koma málefnum fullorðinsfræðslu á framfæri í hópnum og upplýsa aðila Leiknar um gang mála.

### 3.5 Samstarf við EPALE og Rannís

Leikn hefur átt í góðu samstarfi við EPALE á Íslandi og Rannís. Margrét Sverrisdóttir kynnti EPALE í fjarfræðsluerindi síðasta starfsári, hélt fjarfræðsluerindi um umsóknir Erasmus+ og á þessu starfsári hélt hún erindi um málþing og starfsmenntavíkuna. Guðrún Vala hefur sett fréttir o.fl. af vettvangi inn á EPALE síðuna. Guðrún Vala formaður Leiknar sótti ráðstefnuna „Co-creating Erasmus+ and the European Solidarity Corps“ sem haldin var 28-29 janúar í Brussel, ásamt öðrum hagsmunaaðilium frá Íslandi. Ráðstefnan var sett upp sem margar málstofur og fékkst innsýn í hið flókna fyrirbæri sem Erasmus + er. Stefnan hjá Erasmus+ er m.a. að verða grænni, meira "inclusive", fjölga nemendaferðum og einfalda umsóknarferlið.

## 4. Alþjóðlegt samstarf

Frá upphafi samtakanna hefur Leikn tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði fullorðinsfræðslu.

Aðallega hafa samtökin unnið með norrænum- baltneskum hópi (Nordic Baltic Network of National Adult Education) sem er vinnuhópur innan EAEA. Hingað til hafa verið haldnir tveir fundir á ári þar sem norræni hluti EAEA hittist á öðrum fundinum og á hinum fundinum hafa baltnesku þjóðirnar bæst við. Ávinningur þess að Leikn taki þátt í Evrópustarfi sem þessu er virkt tengslanet og innsýn inn í það sem er að gerast í málaflokknum í Evrópu. Nú síðast þýðing og útgáfa á stefnuýfirlýsingu um fullorðinsfræðslu sem áður hefur verið fjallað um. Leikn eru lítil samtök í samanburði við samstarfsaðilana, þar sem Leikn hefur ekki skrifstofu fullorðinsfræðsluaðila, en á Norðurlöndunum eru reknar eru stórar skrifstofur með 10-30 starfmönnum.

EAEA hefur áhrif á stefnumótun Evrópusambandsins um óformlega fullorðinsfræðslu og símenntun og vinnur með stofnunum Evrópusambandsins, samtökum borgaralegra félagasamtaka og annarra hagsmunaaðila á alþjóðlegum, evrópskum, innan Evrópusambandsins og innanlandsvettvangi. Starfsmenn samtakanna funda með stefnumótandi aðilum og hagsmunaaðilum, setja fram yfirlýsingar og bregðast við könnunum, en þetta eru þeirra aðal leiðir til þess að hafa áhrif á stefnumótandi aðila. Leiðbeiningar EAEA um fullorðinsfræðslu á 21. öldinni gefur yfirlit yfir þá málaflokka sem verið er að vinna að og gildin sem samtökin telja mikilvæg. EAEA skipuleggur einnig viðburði með og fyrir stofnanir ESB fyrir hönd almennra borgara á sviði fullorðinsfræðslu og kemur sjónarmiðum á framfæri á ráðstefnum og í vinnuhópum. EAEA er nú aðili að ET2020 vinnuhópunum um fullorðinsfræðslu og um menntun. Heimasíða EAEA er: <https://eaea.org/>

### 4.1 Ársfundur og ráðstefna EAEA í júní 2019

Dagana 26. og 27 júní sóttu formaður og gjaldkeri Leiknar aðalfund og árlega ráðstefnu EAEA, evrópusamtaka aðila í fullorðinsfræðslu, í Kaupmannahöfn. Á aðalfundinum var kosin ný stjórn, Per Paludan Hansen lét af formennsku og var Uwe Gartenschlaeger kosinn formaður EAEA.

Aðalfundurinn var með hefðbundnu sniði þar sem farið var yfir verkefni, framtíðaráætlanir og ársreikningar kynntir og samþykktir. Alls voru 111 þátttakendur frá 29 löndum. Á aðalfundinum var framtíð fullorðinsfræðslunnar rædd og með hvaða hætti mætti nota hina nýju stefnuskrá EAEA til framdráttar fyrir fullorðinsfræðsluna bæði á heimsvísu og Evrópuvísu.

Yfirskrift ráðstefnunnar var „Life skills and participation in adult learning“ (Lífshæfni og þátttaka í námi fullorðna). Á ráðstefnunni var farið með almennum og sértækum hætti yfir stöðu

fullorðinsfræðslunnar með áherslu á að skoða þátttöku almennings í námskeiðum og verkefnum fullorðinsfræðslunar auk þess sem mikil áhersla var lögð á að kanna hvernig fullorðinsfræðslan getur átt þátt í að auka lýðræðislega og félagslega virkni einstaklinga með það að markmiði að styrkja lýðræðið í Evrópu og auka lífsgæði einstaklinga. Sérstaklega einstaklinga með litla formlega menntun. Talsverð gagnrýni kom fram á ríkjandi tæknihyggju (e. instrumentalism) í námsframboði til fullorðina á kostnað persónluegrar og félagslegrar þróunar.

#### 4.2 Norrænir fundir 2019

Samhliða ársfundinum hittist norræna/baltneska deild EAEA á stuttum fundi þar sem danski hópurinn kynnti gagnagrunn norrænna rannsókna á fullorðinsfræðslu og tekin var sú ákvörðun að skoða forsendur fyrir því að búa til sameiginlega stefnuyfirlýsingu fyrir Eystrasalríkin og Norðurlöndin til smræmis við stefnuyfirlýsingu EAEA.

Þann 29. október 2019 sótti svo gjaldkeri fund Norðurlanda og Eystrasaltsríkja deild EAEA í Helsinki. Þar var tekið til umfjöllunar stefnuskrá deildarinnar og ákveðið að halda þeirri vinnu áfram, auk þess sem hvert land gaf munnlega skýrslu um málefni fullorðinsfræðslunnar og samstarfið innan EAEA var rætt.

#### 4.3 Ársfundur EAEA 2020

Vegna Covid var ársfundur EAEA sem halda átti í Bratislava í Slóvakíu, haldinn í tveimur fjarfundum á Zoom og er þetta einsdæmi í sögu samtakanna. Fyrri fundurinn var haldinn 28. maí og sá seinni 3. júní og gátu þátttakendur valið um hvor dagsetningin hentaði betur, en dagskráin var sú sama báða dagana. Þetta var gert til þess að auðvelda fólki þátttöku og að skapa umræðugrundvöll. Guðrún Vala sat síðari fundinn, sem hófst á ávarpi formanns EAEA, Uwe Gartenschlaeger sem var að ljúka sínu fyrsta starfsári. Hann nefndi að margir nýir fulltrúar hefðu komið inn í stjórn og áhersla hefði verið lögð á að kynnast og efla samstarf hópsins. Farið var yfir ársskýrslu, starfsáætlun og ársreikninga, en kosningar fara fram rafrænt og gefst aðildarfélögum nokkrir dagar til þess. Umræður urðu ekki miklar en lítillaga var rætt um þýðingu hugtaksins „fullorðinsfræðsla“, um mikilvægi og samspil fullorðinsfræðslu sem afsprengi evrópskra og skandinavískrar hugmyndafræði um óformlega menntun og lýðræði.



## 5. Þróunarverkefni

Leikn tekur þátt í innlendum og erlendum þróunarverkefnum á þann hátt að virkja stjórnarmenn eða stofnfélaga til þátttöku. Á starfsárinu var unnið í einu samstarfsverkefni (VISKA) og var Guðrún Vala fulltrúi Leiknar og Helgi Þorbjörn til vara.

### 5.1. VISKA

VISKA verkefninu lauk formlega með lokaráðstefnu mánudaginn 4. febrúar í Reykjavík. Verkefnið er Evrópuverkefni (KA3) og voru íslensku þátttakendurnir Fræðslumiðstöðin, Iðan og Menntamálaráðuneytið. Hér á landi var fókusinn á raunfærnimat innflytjenda og hélt Iðan utan um



raunfærnimatið. Önnur þátttökulönd höfðu aðrar áherslur, m.a. tóku Írar einungis viðtöl við starfandi náms- og starfsráðgjafa og framkvæmdaraðila í raunfærnimati, í Belgíu var verkefnið á hendi flæmska menntamála-

ráðuneytis og þar var metið á móti almennun bóklegum greinum, en þrátt fyrir raunfærnimat var öllum þátttakendum í Belgíu gert að gangast líka undir próf. Í Noregi náði verkefnið til flóttafólks. Meginniðurstöður fyrir Ísland voru að verkefnin eru næg en fjármagnið vantar til að fylgja þeim eftir og skapa námstækifæri fyrir þátttakendur. Niðurstöður koma til með að veita upplýsingar fyrir stefnumótun landanna í málaflokkunum. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um verkefnið á: <http://viskaproject.eu/>

**F.h. stjórnar Leiknar,**

---

**Guðrún Vala Elísdóttir, formaður.**

**formadur@leikn.is**

## Félagsaðilar Leiknar árið 2019-2020

1. **Austurbrú**, Tjarnarbraut 39, 700 Egilsstaðir – Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri (jona@austurbru.is)
2. **Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands**, Hvanneyri, 311 Borgarnesi – Guðrún Lárusdóttir endurmenntunarstjóri (gurra@lbhi.is).
3. **Farskólinn - miðstöð símenntunar á NV landi**, Faxatorgi, 550 Sauðárkróki – Bryndís Kristín Þráinsdóttir framkvæmdastjóri (bryndis@farskolinn.is).
4. **Félagsmálaskóli alþýðu**, Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík – Eyrún Björk Valsdóttir skólastjóri (eyrun@felagsmalaskoli.is)
5. **Fjölmennt**, Vínlandsleið 14, 113 Reykjavík – Helga Gísladóttir forstöðumaður (helgag@fjolmennt.is)
6. **Framvegis miðstöð símenntunar**, Skeifan 11b, 108 Reykjavík – Vigdís Þyri Ásmundsdóttir (vigdis@framvegis.is)
7. **Fræðslumiðstöð atvinnulífsins**, Skipholti 50b, 105 Reykjavík – Sveinn Aðalsteinsson framkvæmdastjóri (sveinn@frae.is)
8. **Fræðslumiðstöð Vestfjarða**, Suðurgata 12, 400 Ísafjörður – Sædís María Jónatansdóttir forstöðumaður (saedis@frmst.is)
9. **Fræðslunetið – Símenntun á Suðurlandi**, Tryggvagata 13, 800 Selfoss – Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri (eyjolfur@fraedslunet.is)
10. **Fræðslusetrið Starfsmennt**, Skipholti 50b, 105 Reykjavík – Guðfinna Harðardóttir framkvæmdastjóri (gudfinna@smennt.is)
11. **IDAN-Fræðslusetur**, Vatnagarðar 20, 104 Reykjavík – Hildur Elín Vignir framkvæmdastjóri (hildur@idan.is)
12. **Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum**, Krossmóa 4, 260 Reykjanesbæ – Guðjónína Sæmundsdóttir forstöðumaður (ina@mss.is)
13. **Mímir-símenntun**, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík – Sólveig Hildur Björnsdóttir framkvæmdastjóri (solveighildur@mimir.is)
14. **Námsflokkar Hafnarfjarðar**, Menntasetrið við Lækinn, 220 Hafnarfirði – Theodór Hallsson skólastjóri (teddi@hafnarfjordur.is)
15. **Námsflokkar Reykjavíkur**, Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík – Iðunn Antonsdóttir forstöðumaður (idunn.antonsdottir@reykjavik.is)
16. **SÍMEY - Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar**, Þórsstíg 4, 600 Akureyri – Valgeir Magnússon framkvæmdastjóri (valgeir@simey.is)
17. **Símenntunarmiðstöð Vesturlands**, Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnes – Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri (ingadora@simenntun.is)
18. **Viska – símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja**, Strandvegi 50, 900 Vestmannaeyjar – Valgerður Guðjónsdóttir forstöðumaður (viska@eyjar.is)
19. **Þekkingarnet Þingeyinga**, Hafnarstétt 3, 640 Húsavík – Óli Halldórsson forstöðumaður (oli@hac.is)